



Ytra mat

Tjörn

Úttekt þessi er unnin á vegum Menntamálastofnunar
fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið.

Höfundar: Guðrún Samúelsdóttir og Inga Dóra Jónsdóttir
© Menntamálastofnun, 2023
ISBN 978-9979-0-2878-9

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Markmið og tilgangur	5
Gagnaöflun	5
Samantekt niðurstaðna	7
Skýringar á litakvarða.	10
Leikskólinn og umhverfi hans	11
Leikskólinn	11
Húsnæði og útileiksvæði	11
Starfsfólk	12
Hugmyndafræði og áherslur	12
Stjórnun	14
Stjórnskipulag og skipurit.	14
Námskrá og áætlanir	14
Stjórnun og starfsfólk	14
Fagleg forysta	15
Starfsandi og starfsánægja	16
Uppeldis- og menntastarf	17
Námsaðstæður	17
Starfshættir	17
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	18
Námssvið.	19
Velferð og líðan barna.	20
Mat á námi og velferð barna	20
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	22
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	22
Viðhorf foreldra	22
Samstarf við grunnskóla	22
Annað samstarf	23
Skóli án aðgreiningar	24
Skólaþjónusta og sérkennsla	24
Börn með annað móðurmál en íslensku	24
Innra mat	26
Skipulag og viðfangsefni	26
Gagnaöflun og vinnubrögð	26
Opinber birting og umbætur	26
Heimildir.	27

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Tjörn Reykjavík. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Guðrúnu Samúelsdóttur og Ingu Dóru Jónsdóttur og fór fram á vettvangi 24.-26. og 31. janúar 2023. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, samstarf foreldra og ytri tengsl, skólabjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi. Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 9. janúar á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsfólk og foreldrar¹ hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsaðilar dvöldu fjóra daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, kennara, starfsfólk, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra og haft var samband við fagstjóra leikskóla í Vesturmiðstöð og skrifstofustjóra leikskólahluta skóla og frístundasviðs. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsaðilar fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til. Matsaðilar fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólustjóra til yfirlestrar. Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og

1 Í þessari skýrslu er orðið foreldri notað jafnt um foreldra sem og forsjáraðila.

vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Samantekt niðurstaðna

Samantekt er sett fram í punktum um styrkleika og tækifæri til umbóta sem koma einnig fram í lok hvers kafla. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Styrkleikar

- Endurgera á útileiksvæði Tjarnarborgar í sumar.
- Leikskólinn starfar samkvæmt menntastefnu og áherslum sveitafélagsins.
- Leikskólinn tekur mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Einkunnarorð leikskólans eru sýnileg og öllum kunn.
- Starfsfólk og foreldrar eru sátta við og þekkja stefnu leikskólans.
- Leikskólinn tók þátt í verkefninu *Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag*, í samstarfi við RannUng.
- Matur er unninn frá grunni samkvæmt lýðheilsuáætlunum landlæknis.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðu starfsfólki.
- Húsnæðið uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis.
- Bæta þarf hljóðvist í Tjarnarborg.
- Bæta þarf skiptiaðstöðu barna í Tjarnarborg.
- Gera aðstöðu til að komast í vatn á báðum útileiksvæðum.
- Bæta geymslu fyrir útileikföng í Öldukoti.
- Merkja þarf Öldukoti bílastæði við leikskólann.
- Bæta þarf vinnuaðstöðu starfsfólks.

Stjórnun

Styrkleikar

- Skólanámskrá er greinagóð og lýsandi fyrir starf leikskólans.
- Sveitafélagið hefur sett sér menntastefnu.
- Til er skipurit og starfslýsingar fyrir leikskólann.
- Leikskólinn hefur sett sér stefnu fyrir starfsfólk og samskiptaviðmið.
- Stjórnendateymi er starfandi við leikskólann.
- Starfsþróunarsamtöl eru árlega.
- Símenntunaráætlun sem tekur mið af áherslum í starfi og óskum starfsfólks liggur fyrir.
- Samningsbundnir undirbúningstímar falla sjaldan niður.
- Mikil ánægja er með stjórnun í leikskólanum.
- Stjórnendur eru sýnilegir og veita endurgjöf.
- Skólabragur og starfsandi er góður.
- Fagmennska og stöðugleiki er í hópi starfsfólks.

- Starfsfólki líður almennt vel í starfi og vinátta og gleði er ríkjandi.

Tækifæri til umbóta

- Gera formlega og skriflega verkaskiptingu milli stjórnenda og kynna fyrir starfsfólki.
- Hafa deildarstjórafundir sameiginlega fyrir báðar starfsstöðvar.
- Birta áætlanir á heimasíðu leikskólans.
- Bæta daglegt upplýsingastreymi.
- Kynna verklagsreglur um viðbrögð við slysum fyrir starfsfólki og gera aðgengilegar svo sem í handbók starfsfólks.
- Bæta móttökuáætlun nýs starfsfólks með reglulegum leiðbeiningasamtölum og handleiðslu.
- Endurskoða handbók starfsfólks.
- Birta upplýsingar um innra mat á árangri og gæðum í skólanámskrá auk viðmiða um árangur sem stefnt er að í innra mati.
- Þetta hóp starfsfólks og deila fagþekkingu á milli húsa.

Uppeldis- og menntastarf

Styrkleikar

- Hugmyndafræði leikskólans er sýnileg í umhverfi hans og í daglegu starfi á vettvangi.
- Fjölbreytt úrval er af leik- og námsefni og hefur leikskólinn markað sér stefnu um það.
- Aðgengi barnanna að efniviði er gott og allt mjög sýnilegt.
- Efniviður úr náttúrunni er nýttur í leik og skapandi starf.
- Leitast er við að nýta húsnæðið og vinna með börnin í litlum hópum.
- Ritmál er mjög sýnilegt í umhverfinu og mikið er um sjónrænt skipulag.
- Unnið er með uppeldisfræðilegar skráningar.
- Mikil áhersla er á lýðræði, jafnræði og þátttöku barna og birtist það víða í starfinu.
- Unnið er markvisst með alla grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár.
- Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum.
- Börnin eru glöð og þeim líður vel í leikskólanum.
- Skipulega er unnið að mati á námi og framförum barnanna.

Tækifæri til umbóta

- Finna þarf leiðir fyrir meira samstarf milli barna í Tjarnarborg og Öldukoti.
- Nýta ætti mannauð starfsfólks með því að hafa flæði milli húsa og nýta sérstöðu hvors húss fyrir sig, eins og í myndlist og tónlist.
- Huga ætti að orðræðu í leikskólanum og samræma hugtakanotkun eins og stöðvavinna/verkstæðisvinna.
- Taka ætti upp umræðu um framkvæmd og þátttöku barna í matmálstímum.

Samvinna foreldra og ytri tengsl**Styrkleikar**

- Foreldrafélag og foreldraráð er starfandi í leikskólanum.
- Foreldrahandbók sem foreldrar fá þegar barnið byrjar í leikskólanum er til.
- Haldnir eru kynningarfundir fyrir nýja foreldra á vorin og upplýsingafundur fyrir hverja deild er á haustin.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra um starfið og börnin.
- Viðhorf foreldra til leikskólans eru jákvæð og þeir telja að börnunum líði vel í leikskólanum.
- Foreldrum finnst gott að leita til starfsfólks og segja að fagmennska einkenni starfið í Tjörn.
- Formlegt samstarf er við Vesturbæjarskóla og til er skrifleg áætlun um það.

Tækifæri til umbóta

- Leita skal leiða til að koma upplýsingum til foreldra um starf foreldraráðs svo sem með því að hafa fundargerðir aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.
- Gera skal áætlun um samstarf og hvaða upplýsingar fylgja börnunum á milli skólastiga sem ekki fara í Vesturbæjarskóla.

Skóli án aðgreiningar**Styrkleikar**

- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.
- Vel er staðið að og haldið utan um sérkennslu. Allt starfsfólk leikskólans fær upplýsingar og fræðslu í sambandi við sérkennslu.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með skilgreindar þarfir og skipað teymi í kringum þau.
- Jafnrétti og hlutdeild allra barna í barnahópnum birtist í starfinu.
- Boðið er upp á túlkþjónustu í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku.
- Í skólanámskrá eru skráðir verkferlar ef upp kemur grunur um þroskafrávik.

Innra mat**Styrkleikar**

- Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu starfi leikskólans.
- Fjallað er um helstu leiðir sem leikskólinn fer í innra mati í skólanámskrá.
- Viðhorfskannanir meðal foreldra og starfsfólks er gerðar reglulega og nýttar í innra matinu.
- Framkvæmd innra mats er samstarfsverkefni starfsfólks.
- Börnin eru þátttakendur í innra matinu.

Tækifæri til umbóta

- Leita skal leiða til að foreldrar taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati til dæmis með aðkomu foreldraráðs
- Endurskoða matsáætlun til þriggja ára.
- Birta skal greinagerð um innra mat og umbótaáætlun á heimasíðu.

Skýringar á litakvarða

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6–4	Grænt	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
2, 6–3,5	Ljósgrænt	Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
1,6–2,5	Gult	Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
1,0–1,5	Rautt	Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

Niðurstöður matsins settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn

Leikskólinn Tjörn er fjögurra deilda leikskóli sem starfræktur er í tveimur húsum í miðbæ Reykjavíkur. Starfsstöðin Tjarnarborg er staðsett við Tjarnargötu 33 í húsi sem byggt var 1909 sem íbúðarhús á þremur hæðum. Árið 1941 keypti Barnavinafélagið Sumargjöf húsið og var þar rekið dagheimili, leikskóli og vöggustofa jafnframt sem þar var uppeldiskóli Sumargjafar sem síðar varð Fósturskóli Íslands. Starfsstöðin Öldukot er til húsa að Öldugötu 19. Húsið var byggt árið 1930 sem íbúðarhús á þremur hæðum. Landakotsspítali rak leikskóla í húsinu frá 1989 til 1999 er Reykjavíkurborg tók yfir reksturinn. Árið 2009 voru leikskólarnir sameinaðir og fengu nafnið Tjörn. Rekstraraðili Tjarnar er Reykjavíkurborg. Í leikskólanum Tjörn eru 72 börn á aldrinum tveggja til sex ára, 38 stúlkur og 34 drengir. Sérkennsla er veitt þeim börnum sem þurfa og hluti barna er með annað móðurmál en íslensku. Á deildinni Tjörn eru 12 börn fædd 2018 og sjö börn fædd 2019, á deildinni Læk eru sex börn fædd 2019 og 12 börn fædd 2020, á deildinni Melhús eru sjö börn fædd 2017 og 12 börn fædd 2018 og á deildinni Miðhús eru 11 börn fædd 2019 og fimm börn fædd 2020. Eldað er í báðum húsum og segir leikskólastjóri að matur sé unninn frá grunni samkvæmt lýðheilsuáhrifum landlæknis.

Húsnæði og útileiksvæði

Eins og fyrr segir er leikskólinn starfræktur í tveimur húsum og er töluverð fjarlægð á milli húsa. Í Tjarnarborg ganga foreldrar og börn inn á jarðhæð frá útileiksvæði sem liggur að tjörninni. Þar eru fataklefar og útgangar fyrir báðar deildir. Rúmgóð fatahólf eru í fataklefum. Á neðstu hæðinni er einnig fjölnota salur. Lítil stofa sem nýtt er fyrir hlutverkaleik og er þar inn af salerni með skiptiaðstöðu fyrir börnin og listasmiðja. Lágt er til lofts á neðstu hæðinni og þröngur, brattur stigi upp á miðhæðina. Á miðhæðinni er inngangur fyrir starfsfólk frá Tjarnargötu. Á miðhæðinni eru deildirnar Tjörn og Lækur staðsettar. Hvor deild hefur yfir að ráða tveimur stofum og sameiginlegri hreinlætisaðstöðu fyrir börnin, þar sem eru tvö salerni, pissuskál og vaskur með fjórum krönum. Ekki er aðstaða til að skipta á börnum á miðhæðinni og þarf að fara niður á neðstu hæð til þess. Brattur stigi er upp á efstu hæðina en þar er eldhús, skrifstofa leikskólastjóra, þar sem eru jafnframt munahólf starfsfólks, sérkennslustofa sem einnig er nýtt sem skrifstofa sérkennslustjóra, kaffistofa starfsfólks sem einnig er nýtt sem vinnustofa og efnisveita, hreinlætisaðstaða starfsfólks og fatahengi. Þá er stigi upp á háloft sem er nýtt sem geymsla. Ekki er lyfta í húsinu og þarf starfsfólk að bera leirtau, mat og vörur á milli hæða. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að húsið sé friðað og því erfitt að gera breytingar á því. Í Öldukoti er inngangur fyrir foreldra og börn frá útileiksvæði í kjallara hússins þar sem eru fataklefar og hreinlætisaðstaða fyrir báðar deildir. Þá er í kjallaranum fjölnota salur, vinnustofa starfsfólks og þvottahús. Ekki er full lofthæð í kjallaranum. Stigi er upp á miðhæðina þar sem er inngangur frá Öldugötunni fyrir starfsfólk en þar er kaffistofa starfsfólks og munahólf. Á miðhæðinni er deildin Miðhús sem hefur yfir að ráða stórri heimastofu og tveimur minni stofum sem og hreinlætisaðstöðu með skiptiaðstöðu fyrir börnin. Ganga þarf í gegnum deildina til að komast í eldhúsið sem er staðsett inn af heimastofu deildarinnar. Á efstu hæð er deildin Melhús sem hefur yfir að ráða þremur stofum og hreinlætisaðstöðu fyrir börnin. Á hæðinni eru einnig hreinlætisaðstaða fyrir starfsfólk, sérkennslustofa og bókasafn. Í Öldukoti þarf starfsfólk að bera mat og leirtau á milli hæða. Í viðtölum við stjórnendur og annað starfsfólk kom fram að starfsaðstæður séu erfiðar í báðum húsum. Bæði húsin eru á þremur hæðum og bera þarf mat, leirtau og vörur á milli hæða. Fara þarf með yngri börn niður brattan stiga til að skipta um bleyjur. Í báðum húsum eru aðeins eitt salerni fyrir starfsfólk sem er staðsett á efstu hæð húsanna. Leikskólastjóri segist vera búin að sækja um barnafækkun vegna starfsaðstæðna í Tjörn. Í rýnivíðtölum við kennara og annað starfsfólk kom fram að bæta þurfi hljóðvist í Tjarnarborg en það var lagfært í Öldukoti einnig þurfi að lækka vaska barnanna.

Húsnæðið uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 með síðari breytingum.

Í Tjarnarborg er útileiksvæðið afgirt meðfram og baka til við húsið. Tröppur liggja meðfram húsinu

ofan í garðinn sem nær að Tjörninni. Þegar matsaðilar voru á vettvangi var snjór og klaki yfir öllu svo erfitt var að meta undirlag. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að útileiksvæði Tjarnarborgar verði endurgert í sumar, foreldrar, börn og starfsfólk hafi komið með hugmyndir og að miklar væntingar séu bundnar við framkvæmdina. Við Öldukot er útileiksvæði leikskólans mjög lítið og skuggsælt bakatil við húsið. Þar eru nokkur leiktæki en í viðtölum við deildarstjóra og annað starfsfólk kom fram að leiktæki séu orðin lúin, komið sé að endurbótum og skipta þurfi um fallmöl. Opið almenningsleiksvæði og sparkvöllur eru við hliðina á Öldukoti sem leikskólinn nýtir sér. Þá er umhverfi leikskólans Tjarnar nýtt til náms og leikja. Í Öldukoti er gamall bílskúr nýttur fyrir geymslu á útileikföngum en hann er ónýtur og sáu matsaðilar að þar inni var mikill saggi og mygla. Í viðtölum við deildarstjóra og annað starfsfólk kom fram að á báðum útileiksvæðum væri æskilegt að komast í vatn í útveru sem væri auðvelt að leysa með því að fá vatnsslöngur utandyra. Þá kom fram að engin bílastæði séu ætluð Öldukoti og örfá í Tjarnarborg og aðgengi sé slæmt.

Starfsfólk

Starfsfólk leikskólans er samtals 24 manneskjur í 19 stöðugildum. Sjö stjórnendur starfa við leikskólann Tjörn, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og fjórir deildarstjórar. Leikskólastjóri er með leikskólakennaramenntun og framhaldsnám í mannauðsstjórnun. Aðstoðarleikskólastjóri er með leikskólakennaramenntun og framhaldsnám í sérkennslufræðum og starfar jafnt við stjórnun og sérkennslu. Sérkennslustjóri er þroskaþjálfari. Deildarstjórar eru allir í fullu starfi, tveir eru með leikskólakennaramenntun, einn með BA í sálfræði og einn með BA í myndlist. Átta kennarar starfa við skólann í sjö stöðuhlutföllum. Fjórir af þeim eru með leikskóla- eða grunnskólakennaramenntun og fjórir eru leikskólaleiðbeinendur með framhaldsnám á háskólastigi. Fjórir leiðbeinendur án háskólamenntunar eru í tæpum fjórum stöðuhlutföllum. Jafnframt starfa tveir háskólanemar í hlutastarfi. Matreiðslumaður starfar í eldhúsi Tjarnarborgar og matráður í eldhúsi Öldukots.

Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 95/2019 um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla um að tveir þriðju hlutar stöðugilda kennara skulu vera við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla.

Hugmyndafræði og áherslur

Að sögn leikskólastjóra er í leikskólanum Tjörn lögð áhersla á faglegt starf þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í kærleiksríku umhverfi. Börnin eru hvött til að setja orð á tilfinningar. Þau setja sér sjálf markmið og meta sitt eigið nám. Þau eru hvött til sjálfshjálpar eins og að klæða sig sjálf og ganga frá eftir sig. Börnunum er treyst til þess að hafa áhrif á skipulagningu starfsins og hlustað er á skoðanir þeirra. Lögð er rík áhersla á lýðræði og að borin sé virðing fyrir öllum börnum. Meginmarkmið Tjarnar er að þegar börnin útskrifast frá leikskólanum verði þau með sterka sjálfsmynd og tilbúin að standa með sjálfum sér. Í skólanámskrá kemur fram að tekið sé mið af hugmyndafræði Reggio Emilia, menntastefnu Reykjavíkurborgar, mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, fjölmeningarstefnu skóla- og frístundasviðs, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og aðalnámskrá leikskóla 2011. Leikskólinn hefur sett sér læsisstefnu sem byggir á stefnu Reykjavíkurborgar og aðalnámskrá leikskóla 2011. Tjörn tók þátt í samstarfsverkefni fjögurra leikskóla í Reykjavík í samstarfi við RannUng 2019-2021. Verkefnið kallast Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag. Markmið með verkefninu er að efla fagmennsku deildarstjóra og annars starfsfólks leikskóla í þeim tilgangi að ná fram markmiðum sem sett hafa verið fram í nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar um læsi, sjálfsefningu, skapandi hugsun, félagsfærni og heilbrigði barna. Einnig að styrkja leikskólann sem lærdómssamfélag þar sem litið er á börn og fullorðna sem virka þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi. Deildarstjórar og kennarar sögðu í rýnihópum að þátttaka í því verkefni hefði verið styrkur fyrir starfið. Einkunnarorð Tjarnar eru *frumkvæði, vinátta og gleði*. Matsaðilar sáu á vettvangi að einkunnarorðin eru sýnileg í skólanum. Í rýniviðtali sögðust foreldrar þekkja einkunnarorð leikskólans, sögðu þau virk og unnið í samræmi við þau. Foreldrar sögðust þekkja stefnu skólans og eru sáttir við hana. Í rýniviðtali við kennara og annað starfsfólk kom fram að þau hefðu tekið þátt í að móta stefnuna með umræðum á fundum og í teymisvinnu og reglulega sé hún rædd á fundum með starfsfólki og á skipulagsdögum.

Styrkleikar

- Endurgera á útileiksvæði Tjarnarborgar í sumar.
- Leikskólinn starfar samkvæmt menntastefnu og áherslum sveitafélagsins.
- Leikskólinn tekur mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Einkunnarorð leikskólans eru sýnileg og öllum kunn.
- Starfsfólk og foreldrar eru sátta við og þekkja stefnu leikskólans.
- Leikskólinn tók þátt í verkefningu *Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag*, í samstarfi við RannUng.
- Matur er unninn frá grunni samkvæmt lýðheilsuáhrifum landlæknis.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðu starfsfólki.
- Húsnæðið uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis.
- Bæta þarf hljóðvist í Tjarnarborg.
- Bæta þarf skiptiaðstöðu barna í Tjarnarborg.
- Gera aðstöðu til að komast í vatn á báðum útileiksvæðum.
- Bæta geymslu fyrir útileikföng í Öldukoti.
- Merka þarf Öldukoti bílastæði við leikskólann.
- Bæta þarf vinnuaðstöðu starfsfólks.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili leikskólans Tjarnar er Reykjavíkurborg sem rekur 67 leikskóla í borginni auk 17 sjálfstætt starfandi leikskóla. Skóla- og frístundaráð starfar í umboði borgarráðs. Ráðið mótastefnu í menntamálum og hefur eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun borgarinnar sé fylgt og fylgist með gæðum skólastarfs. Skóla- og frístundasvið heyrir undir ráðið og er sviðsstjóri yfirmaður þess. Undir honum starfar skrifstofustjóri leikskóla sem hefur yfirumsjón með faglegu starfi leikskóla í borginni. Skóla- og frístundasvið fundar reglulega með leikskólastjórum. Næsti yfirmaður leikskólastjóra Tjarnar er fagstjóri leikskóla í þjónustumiðstöðinni Vesturmiðstöð. Að sögn leikskólastjóra eru mánaðarlega fundir leikskólastjóra hverfisins og fagstjóra, bæði staðfundur og fjarfundur. Í símaviðtali við fagstjóra kom fram að leikskólastjóri sé málefnalegur í umræðu og kröfum og að samskipti við hann séu mjög góð. Leikskólastjóra hefur haldist vel á fólki og ekki hefur þurft að senda heim börn vegna fáliðunar. Þá hefur hann haldið sig innan ramma fjármála. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar kemur fram að skólaþjónusta við leikskóla í Reykjavík sé veitt á fjórum þjónustumiðstöðvum í borginni þar sem íbúar og starfsfólk Reykjavíkurborgar geta nálgast fjölbreytta þjónustu, upplýsingar, ráðgjöf og stuðning. Leikskólinn Tjörn fær skólaþjónustu frá Vesturmiðstöð.

Reykjavíkurborg hefur sett sér menntastefnu til ársins 2030 og ber stefnan yfirheitið *Látum draumana rætast*. Meginmarkmið stefnunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs og grundvallast stefnan á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í rýnivíðtölum voru kennarar og annað starfsfólk meðvitað um menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Eins og áður hefur komið fram vinnur leikskólinn samkvæmt menntastefnu Reykjavíkurborgar, mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fjölmeningastefnu skóla- og frístundasviðs og hefur sett sér eftirtaldar áætlanir: Áfallaáætlun, eineltisáætlun, læsisstefnu, símenntunaráætlun, jafnréttisáætlun og umbótaáætlun. Á vettvangi sáu matsaðilar þessar áætlanir en þær eru ekki birtar á heimasíðu leikskólans sem er hluti af heimasíðu Reykjavíkurborgar. Áætlun um viðbrögð við slysum er hluti af áfallaáætlun leikskólans en í rýnihópi starfsfólks kom fram að starfsfólk þekkti ekki verklagsreglurnar en vissi að notuð væru slysaskráningarblöð.

Námskrá og áætlanir

Byrjað var að vinna að skólanámskrá Tjarnar árið 2014 en hún kom út árið 2021. Í skólanámskrá og rýnihópaviðtölum við kennara og annað starfsfólk kemur fram að allt starfsfólk og börn hafi komið að gerð hennar með einum eða öðrum hætti. Fram kom einnig að hún hafi verið send foreldrum til yfirlestrar og umsagnar. Í skólanámskrá vantar að birta upplýsingar um innra mat á árangri og gæðum leikskólastarfs og birta viðmið fyrir leikskólastarfið til að meta út frá í innra mati. Þessir þættir koma fram í starfsáætlun en ættu að koma fram í skólanámskrá. Skólanámskrá er greinargóð og lýsandi fyrir starf leikskólans.

Skóladagatal fyrir yfirstandandi skólaár er aðgengilegt í starfsáætlun Tjarnar og er birt á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Starfsáætlun 2022-2023 er aðgengileg og uppfyllir áherslur aðalnámskrár leikskóla. Í rýnivíðtölum sögðust kennarar og annað starfsfólk hafa komið að gerð hennar með þátttöku í umræðum. Foreldrar sögðust hafa lesið yfir og gefið umsögn.

Stjórnun og starfsfólk

Leikskólastjóri hefur starfað á Tjörn síðastliðin 20 ár. Var fyrst í Tjarnarborg sem sameinaðist Öldukoti 2009. Aðstoðarleikskólastjóri hefur starfað mjög lengi í Öldukoti en sem aðstoðarleikskólastjóri í Tjörn frá því í apríl 2022. Að sögn stjórnenda er skýr verkaskipting þeirra á milli en hún er ekki til skrifleg. Í skólanámskrá Tjarnar birtist skipurit og starfslýsingar fyrir leikskólann. Stjórnendateymi leikskólans er myndað af leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjórum og sérkennslustjóra. Í rýnivíðtölum við kennara og annað starfsfólk sjá deildarstjórar um að skipuleggja og leiða starfið á deildum í sam-

ráði við annað starfsfólk. Að sögn stjórnenda tilkynnir starfsfólk forföll til leikskólastjóra sem hringir á milli húsa og upplýsir um þau. Upplýsingar eru skráðar í þar til gerða dagbók sem er öllum opin. Fundargerðir eru á rafrænu drifi starfsfólks og starfsfólk er með facebook síðu. Þá eru upplýsinga-fundir með deildarstjórum á hverjum mánudegi. Kennarar sögðust í viðtali fá þær upplýsingar sem þeir þyrftu en í rýnivíðtali við starfsfólk kom fram að bæta megi upplýsingaflæði innanhúss og á milli húsa. Sjaldan sé tími til að fara inn á rafrænt drif til að lesa fundargerðir, ekki komi allar upplýsingar í dagbókina og því megi deildarstjórar vera duglegri við að upplýsa starfsfólk. Þá kom fram í rýnivíðtali við starfsfólk tillaga um að taka upp morgunfundi til að upplýsa um stöðuna, hvernig dagurinn lítur út og stilla saman strengi. Deildarstjórafundir eru einu sinni í viku og eru fundargerðir birtar á rafrænni sameign starfsfólks Tjarnar. Í rýnivíðtali við deildarstjóra kom fram að deildarstjórafundir séu haldnir í sitt hvoru húsinu og að leikskólastjóri stýri fundunum. Í handbók starfsfólks kemur fram að fundir starfsfólks séu fjórir á ári og segir leikskólastjóri að tveir fundir séu að loknum daglegum vinnutíma en tveir séu hluti af skipulagsdögum. Fundir starfsfólks eru auglýstir með dagskrá og fundargerðir eru aðgengilegar á rafrænu drifi starfsfólks. Skipulagsdagar eru sex á ári og eru nýttir til að skipuleggja faglegt starf, undirbúa foreldraviðtöl og til fræðslu. Áætlun fyrir skipulagsdaga er sett upp fyrir árið. Deildarfundir eru aðra hverja viku fyrir hvora deild í Tjarnarborg en í Öldukoti þriðju hverja viku en þar er leikskólakennarafundur þriðju hverja viku, á móti deildarfundum. Að sögn starfsfólks í rýnihópi er á deildarfundum rætt meðal annars um deildarstarfið, börnin og hvað má gera betur. Við ráðningu nýs starfsfólks er fylgt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Við undirritun ráðningarsamnings er skrifað undir ákvæði um trúnað og þagnarskyldu og leyfi veitt til að óska eftir upplýsingum úr sakaskrá. Persónuupplýsingar eru varðveittar í læstum skáp. Að sögn stjórnenda er til móttökuáætlun nýs starfsfólks þar sem gert er ráð fyrir að leikskólastjóri fái nýliða í fyrsta viðtal og finnur honum handleiðara, sem oftast er deildarstjóri. Í rýnihópi starfsfólks kom fram að efla þurfi móttökuáætlun við nýtt starfsfólk svo sem með reglulegum leiðbeiningaviðtölum og markvissri handleiðslu. Handbók starfsfólks Tjarnar liggur frammi á öllum deildum og í kaffistofu leikskólans, henni er ætlað að vera leiðarvísir að góðum starfsvenjum. Í handbókinni koma meðal annars fram samskiptaviðmið og stefna starfsfólks sem leikskólinn hefur sett sér. Ekki kemur fram hvenær handbókin var gefin út og sýnist matsaðilum að kominn sé tími til endurskoðunar. Leikskólastjóri segist fá allt starfsfólk í starfsþróunarsamtal einu sinni á ári og kom það einnig fram í öllum rýnihópum. Starfsfólk fær undirbúningsblað og leikskólastjóri skráir hjá sér óskir starfsfólks. Síðastliðið vor, vegna Covid var boðið upp á örviðtöl sem starfsfólk var ánægt með og er verið að skoða að bæta þeim við árlega. Símenntunaráætlun fyrir leikskólaárið 2022-2023 liggur fyrir og byggir hún á áherslum í leikskólastarf-inu og óskum starfsfólks. Leikskólastjóri segist halda skrá yfir símenntun starfsfólks og bjóða upp á fyrirlestra og aðra fræðslu á skipulagsdögum og hvetur fólk til að sækja fræðslu sem tengist áherslum leikskólans. Í rýnivíðtölum deildarstjóra, kennara og annars starfsfólks kom fram að hvatt sé til símenntunar en framboð á námskeiðum sé minna en áður var og þau orðin of dýr. Fólk sagðist sakna námskeiðanna sem skóla- og frístundasvið stóð fyrir áður fyrr. Að sögn deildarstjóra og kennara fá allir samningsbundinn undirbúningstíma. Ef undirbúningstími fellur niður er reynt að bæta hann upp. Starfsfólk hefur val um að taka undirbúningstíma heima enda vinnuaðstaða kennara ekki viðunandi. Að sögn leikskólastjóra fær annað starfsfólk að lágmarki einn klukkutíma á viku í undirbúning.

Fagleg forysta

Í viðtali við leikskólastjóra kemur fram að hann telur sig vera sanngjarnan, sveigjanlegan stjórnanda en jafnframt áræðinn og „spontant“. Hann segist eiga gott með samskipti og hlusti á fólk en mætti vera skipulagðari. Hann fari mikið inn á deildir og öll börn þekki hann. Leikskólastjóri segir að sér líði vel í vinnunni og brenni fyrir starfinu. Aðstoðarleikskólastjóri segist í viðtali reyna að vera sanngjarn stjórnandi sem leggur áherslu á að deildarstjórar beri ábyrgð. Hann segist eiga góð og lýðræðisleg samskipti við starfsfólk og taki á málum þegar þau koma upp. Aðstoðarleikskólastjóri fer mikið inn á deildir, þá sérstaklega í Öldukoti sem er hans aðalstarfsstöð og notar þá tækifærið til að veita endurgjöf. Foreldrar í rýnihópi sögðu að samskipti við stjórnendur væru mjög góð og leikskólastjóri sé sýnilegur, hress og drífandi. Börnin þekktu nafn leikskólastjóra og sögðu í rýnivíðtali að hann væri ekki mikið í Öldukoti heldur væri leikskólastjóri í Tjarnarborg. Deildarstjórar, kennarar og annað starfsfólk var í rýni-

viðtölum sammála um að stjórnendur séu aðgengilegir, séu mikið inni á deildum og veiti endurgjöf og hvatningu. Þar kom fram að stjórnun sé jákvæð og góð, enda stjórnendur metnaðarfullir, fljótir að grípa inn í ef eitthvað er að, taki málin föstum tókum og að gott sé að leita til þeirra eftir ráðgjöf og leiðsögn.

Starfsandi og starfsánægja

Í öllum rýnihópum og viðtölum kom fram að skólabragur og starfsandi sé mjög góður. Mikill stöðugleiki, mannauður og fagmennska er í leikskólanum, fólk deilir þekkingu, hrósar, styður og hvetur hvert annað. Starfsfólk sé samhent og hvatt til að miðla þekkingu og tjá sig á fundum. Tekið er tillit til ólíkra sjónarmiða, samskipti eru opin og virðing ríkir. Starfsfólk sýnir frumkvæði og vel er tekið í hugmyndir að breytingum. Góður kjarni og samfélag sem smitar nýtt starfsfólk. Fólk líður almennt vel í vinnunni og vinátta og gleði er ríkjandi. Starfandi er skemmtinefnd sem stendur fyrir ýmsum viðburðum til að efla starfsandann svo sem námsferðir erlendis á þriggja ára fresti, árshátíð, dagsferðir og fleira. Í rýnihópum kom einnig fram að æskilegt væri að þjappa betur saman starfsfólki og börnum úr báðum húsum og deila fagþekkingu á milli starfsstöðva til dæmis tónlist og skapandi starfi.

Styrkleikar

- Skólanámskrá er greinagóð og lýsandi fyrir starf leikskólans.
- Sveitafélagið hefur sett sér menntastefnu.
- Til er skipurit og starfslýsingar fyrir leikskólann.
- Leikskólinn hefur sett sér starfmannastefnu og samskiptaviðmið.
- Stjórnendateymi er starfandi við leikskólann.
- Starfsþróunarsamtöl eru árlega.
- Símenntunaráætlun sem tekur mið af áherslum í starfi og óskum starfsfólks liggur fyrir.
- Samningsbundnir undirbúningstímar falla sjaldan niður.
- Mikil ánægja er með stjórnun í leikskólanum.
- Stjórnendur eru sýnilegir og veita endurgjöf.
- Skólabragur og starfsandi er góður.
- Fagmennska og stöðugleiki er í hópi starfsfólks.
- Starfsfólki líður almennt vel í starfi og vinátta og gleði er ríkjandi.

Tækifæri til umbóta

- Gera formlega og skriflega verkaskiptingu milli stjórnenda og kynna fyrir starfsfólki.
- Hafa deildarstjórafundir sameiginlega fyrir báðar starfsstöðvar.
- Birta áætlanir á heimasíðu leikskólans.
- Bæta daglegt upplýsingastreymi.
- Kynna verklagsreglur um viðbrögð við slysum fyrir starfsfólki og gera aðgengilegar svo sem í handbók starfsfólks.
- Bæta móttökuáætlun nýs starfsfólks með reglulegum leiðbeiningasamtölum og handleiðslu.
- Endurskoða handbók starfsfólks.
- Birta upplýsingar um innra mat á árangri og gæðum í skólanámskrá auk viðmiða um þann árangur sem stefnt er að í innra mati.
- Þetta hóp starfsfólks og deila fagþekkingu á milli húsa.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Eins og áður hefur komið fram er leikskólinn starfræktur í tveimur húsum og er starfsemin á þremur hæðum. Fjölbreyttar leikaðstæður eru í báðum stöðum og á öllum deildum er jafnframt gert ráð fyrir að börnin geti verið í litlum hópum í lokuðu rými til að minnka áreiti og hávaða. Í Tjarnarborg eru tvær deildir og hafa þær sín heimastofu og eina innri stofu. Tvöföld hurð er á milli heimastofanna sem hægt er að opna og geta börnin flætt á milli deilda við ákveðnar aðstæður. Sameiginleg hreinlætisaðstaða er einnig á hæðinni. Borð og stólar eru í heimastofum og innri stofu á eldri deild. Teppamottur, hillurekkar og skúffuskápar er notað til að afmarka svæði og skipta börnunum í minni hópa. Á neðstu hæð er listasmiðja, salur og herbergi fyrir hlutverkaleik, inn af því er hreinlætisaðstaða með aðstöðu til blejuskipta fyrir yngstu börnin. Einnig eru þarna fataklefar fyrir báðar deildir. Í Öldukoti eru eldri börnin á efstu hæðinni en þar er stór heimastofa með tveimur innri stofum og hreinlætisaðstöðu. Yngri börnin eru á miðhæð í eins húsnæði. Á báðum deildum er aðstaða til listsköpunar og svampdýnur til hvíldar og leikja. Í báðum húsum er fjölnota salur með dýnum og svampkubbum sem notaður er meðal annars til hreyfileikja. Í Tjarnarborg er hann einnig notaður fyrir tónlist en í Öldukoti er hægt að stúka af svæði með tjöldum og nýta meðal annars fyrir leiksvið, hlutverkaleik og kjörklefa. Einnig eru þar einingakubbar. Í Tjarnarborg er listasmiðja á neðstu hæð með fjölbreyttum efnivið til skapandi starfs. Í Öldukoti er annað herbergið inn af heimastofunum notað til skapandi starfs. Ekki er mikill samgangur milli barnanna í Tjarnarborg og Öldukoti. Í rýnihópum deildarstjóra, kennara og starfsfólks kom fram að fyrir Covid hafi eldri börnin farið í heimsókn á milli húsa en það hafi dottið niður. Umræður eru um að taka þetta upp aftur.

Fjölbreytt úrval er af leik- og námsefni og hefur leikskólinn markað sér stefnu um það og er hún mjög sýnileg í umhverfinu. Stefnan er að hafa sem mest af opnum efnivið og nýta sem efnivið úr náttúrunni svo sem trjágreinar, köngla og viðarplatta í ýmsum stærðum sem sagaðir hafa verið úr trjám. Einnig er úrval kubba og annars efniviðs sem örvar bæði fín og grófhreyfingar. Alls staðar eru blöð og litir aðgengilegir börnunum með skapandi starf í anda Reggio Emilia í huga. Í báðum húsum eru efnisveitur en það er svæði þar sem börn og starfsfólk getur sótt sér efnivið. Aðgengi barnanna að efniviðnum er einstaklega gott og er allt mjög sýnilegt. Leikföng eru í opnum hirslum og vel merkt bæði með myndum og orðum. Ritmál er sýnilegt í umhverfinu og mikið er um sjónrænt skipulag. Áhersla er lögð á að hafa bækur víða og aðgengi barnanna að þeim er gott. Í rýnihópi barna kom fram að þau segja leikskólann eiga fullt af leikföngum. Eitt barnið nefndi þó að það vantaði brúðu sem er með priki inni í og hægt er að nota til að leika leikrit.

Dagskipulag er samræmt fyrir allan leikskólann þar sem skiptist á inni- og útivera. Yngri börnin eru úti á morgnana en eldri börnin eftir hádegi. Er þetta gert til að minnka álag á útileiksvæðin. Dagskipulag samanstendur af frjálsum leik, hópastarfi, vali og stöðvavinnu/verkstæðisvinnu. Í rýnihópum kom fram að dagskipulagið væri stöðugt í endurskoðun og er það aðlagð aðstæðum hverju sinni.

Á vettvangi sáu matsaðilar að stefna leikskólans eins og það að hafa leik- og námsefni aðgengilegt börnunum og Reggio Emilia hugmyndafræðin er mjög sýnileg hvert sem litið er. Í öllum skólanum er reynt að hafa umhverfið hlýlegt og sem dæmi um það er mikið um blóm í heimastofunum í Tjarnarborg sem gefur hlýlegt yfirbragð. Á vettvangi mátti sjá að alúð er lögð við að halda umhverfinu hreinu og snyrtilegu.

Starfshættir

Eins og áður hefur komið fram byggir leikskólinn starf sitt á hugmyndafræði Reggio Emilia. Í skólanámsskrá Tjarnar er leikskólastarfinu gerð góð skil en þar er meðal annars talað um að einu sinni í viku er stöðvavinna/verkstæðisvinna. Ekki hefur verið farið í að samræma hugtakanotkun í þessari vinnu milli húsa og er það því kallað stöðvavinna í Öldukoti en verkstæðisvinna í Tjarnarborg. Öll börn taka þátt, nema þau allra yngstu en þau fara í könnunarleik eða önnur verkefni sem hæfa þroska þeirra og getu. Þegar líða tekur á veturinn er þeim boðið að taka þátt í þessari vinnu. Í stöðvarvinnu/verkstæðisvinnu

geta verið allt upp í níu vinnustöðvar sem skipulagðar eru um allt hús. Börnin velja sér hvað þau vilja gera og geta komið sjálf með hugmyndir að stöðvum og einnig geta þau skipt um svæði. Kennarar undirbúa verkefni í samráði við börnin sem skiptast á að vera stöðvarstjórar og koma að skipulagningu og undirbúningi fyrir hönd barnahópsins. Verkefni eru alls konar svo sem skapandi starf, leikur, tilraunir og þau geta verið árstíðarbundin og tengd hefðum leikskólans. Starfsfólk og börn velja sér svæði og starfsfólk á svæðum sér um að skrá hvaða börn komu á svæðið hverju sinni. Á meðan stöðvavinnan/verkstæðisvinnan fer fram er farið á milli svæða og teknar ljósmyndir af börnunum og verkum þeirra. Ljósmyndirnar eru síðan notaðar í uppeldisfræðilegar skráningar.

Val er eitt af föstum liðum tvisvar í viku en það er útfært þannig að annars vegar í samveru ákveða börnin með kennurum sínum hvaða viðfangsefni verða í boði. Hins vegar snýst valið um að velja rými og svo velur hópurinn sem valdi rýmið hvað verkefni eiga að vera þar. Misjafnt er eftir deildum hve oft í viku hópastarf er, fer það eftir deildum og tímabilum. Í skólanámsskrá segir meðal annars að markmið með hópastarfi sé að efla félagsfærni barnanna. Unnið er í litlum hópum þar sem börnin læra að þekkja hvert annað og treysta. Samkennd eflist og þau læra að vinna sem heild að sameiginlegu markmiði. Meðal verkefna sem unnin eru í hópastarfi eru vettvangsferðir, myndlistarkennsla, tónlistarstund, jókastund, málörvun, framsögn og einingakubbar. Hópastarf er skráð. Í rýnihópum deildarstjóra kennara og starfsfólks kom fram að í Tjarnarborg er mikil þekking og reynsla í myndlist en í Öldukoti er það tónlist. Á vettvangi og í viðtölum við starfsfólk sáu matsaðilar að starfsfólk og börn fara ekki á milli húsa og þar af leiðandi nýtist mannauður skólans ekki öllum börnum jafnt. Í rýnihópi barna kom fram að stöðvavinna og val væri best og skemmtilegast og að það allt væri skemmtilegt.

Umsjónarmenn sjá um að aðstoða við undirbúning matmálstíma. Á öllum deildum er borðað við þrjú borð. Á vettvangi sáu matsaðilar að yfirleitt fengu börnin ekki að skammta sér sjálf en á sumum deildum voru þau spurð hvað þau vildu mikinn mat og hvort þau vildu meðlæti. Í rýnihópum deildarstjóra kom fram að þetta væru leifar af Covid en þá máttu börnin ekki snerta áhöld hvert hjá öðru. Jafnframt sáu matsaðilar að starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og þau eru hvött áfram til sjálfshjálpar. Ekki er til skráð verklag um hvernig brugðist er við krefjandi hegðun barna. Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að á deildarfundum er rætt um að samræma verklag á deildunum þar sem lögð er áhersla á virðingu við börnin. Jafnframt kom fram í rýnihópi deildarstjóra að það sem einkenni uppeldisstarfið í leikskólanum er að leitast við að skólinn sé samfélag og að börnunum liði þannig að þetta sé leikskólinn þeirra.

Í rýnihópum deildarstjóra, kennara og starfsfólks kom fram að deildarstjórinn skipuleggur og leiðir starfið á deildinni í samvinnu við annað starfsfólk. Hann veitir jafnframt faglega forystu, leiðsögn og ber ábyrgð á að skipuleggja störfin á deildinni. Umhyggja einkennir samskiptin í leikskólanum og virðing er borin fyrir einstaklingnum. Lögð er áhersla á að hlusta á hugmyndir barnanna og í vinnu og viðhorfum starfsfólks kemur fram að það hefur trú á getu og hæfni allra barna. Á vettvangi sáu matsaðilar hvernig starfsfólk var nærri börnunum í leik og fylgdist með. Það beygði sig niður til barnanna og náði augnsambandi þegar talað var við þau. Jafnframt sáu matsaðilar hvernig börnin fengu tækifæri til að leysa sjálf úr ágreiningsmálum en starfsfólk var nálægt og fylgdist með án þess að skipta sér af. Á vettvangi sáu matsaðilar hvernig áherslur aðalnámsskrár, skólanámsskrár og starfsáætlunar endurspeglast í starfinu.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í samræmi við hugmyndafræði Reggio Emilia er mikil áhersla á lýðræði barna í leikskólanum. Í rýnihópum deildarstjóra kennara og starfsfólks kom fram að í aðdraganda endurskoðunar skólanámsskrár og sameiningar leikskólans hafi jafnframt verið lögð áhersla á umræðu um þennan þátt leikskólastarfsins. Vel má sjá lýðræðislega þátttöku barnanna í stöðvavinnu/verkstæðisvinnu og vali. Börnin taka þátt í að ákveða hvað eigi að vera í boði og undirbúa stöðvar með starfsfólki. Þeim er treyst til þess að hafa áhrif á skipulagningu starfsins og það er hlustað á skoðanir þeirra. Eins og áður hefur komið fram fá börnin ýmist að ráða hvort þau velji svæði og komi sér svo saman um hvað eigi að vera þar eða að þau velja verkefni á svæðum. Í rýnihópi deildarstjóra, kennara og starfsfólks kom fram að

börnin fá að velja um tvennt til þrennt í hópavinnu og eins hafa þau mikið val um það hvert er farið í vettvangsferðum. Reglulega fer fram kosning um ýmis mál og er það framkvæmt þannig að börnin hafa aðgang að myndaspjöldum sem sýna hvað er í boði. Í Öldukoti er kjörkassi sem börnin setja spjöldin í og fara þau inn í sérstakan kjörklefa til að kjósa. Einnig er kosið með því að rétta upp hendi. Á vettvangi sáu matsaðilar að börn voru að ræða saman og komast að niðurstöðu um ákveðið mál þá sagði eitt barnanna „kjósum“. Börnin koma að mati á skólastarfi þar sem þau gefa ákveðnum þáttum í starfinu einkunn með broskörum. Einnig er verið að innleiða það að elstu börnin setji sér markmið. Í rýnihópi barna kom fram „að það má skipta um svæði í stöðvarvinnu/verkstæðisvinnu en þau mega ekki velja í hópastarfi nema þegar þau eru búin þá má velja eitthvað rólegt“. Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að lögð er áhersla á að hlusta á skoðanir barnanna. Fram kom að lítið er um skráðar reglur en elstu börnin taka þátt í að gera sáttmála. Í rýnihópi barna gáðu þau nefnt eina reglu sem er að það má ekki fara einn út.

Námssvið

Í skólanámskrá Tjarnar er fjallað um hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar og námsviðum aðalnámskrár: *Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning, markmið og leiðir*. Þar er talað um að hugtakið læsi sé ekki eingöngu notað yfir lestur heldur einnig um þekkingu og leikni barna til að lesa í umhverfi sitt á sem víðtækastan hátt. Notuð eru hugtök eins og tilfinningalæsi, talnalæsi, menningarlæsi, umhverfislæsi og stafalæsi. Leikskólinn hefur gert læsisstefnu sem byggir á stefnu Reykjavíkurborgar „Lesið í leik“ og aðalnámskrá leikskóla. Í læsisstefnu Tjarnar er gerð grein fyrir markmiðum og leiðum, hvernig unnið er með læsi í gegnum daglega samveru, lestur og spjall í samverustundum og hvernig börnin eru hvött til frásagna og samræðna við hinar ýmsu athafnir daglegs starfs svo sem í samverustund, við matarborð og í fataklefa. Ritmál er sýnilegt á öllum deildum og eins og áður hefur komið fram eru bækur áberandi í umhverfinu. Á vettvangi sáu matsaðilar að börnin voru að velja sér ljóð sem þau klipptu út og límdu á blað og skreyttu. Leikefni og fleira er merkt með myndum og orðum og myndrænt skipulag er notað. Lubbi finnur málbein er ein af leiðum leikskólans í vinnu með málþroska. Hvert máhljóð er tengt við bókstaf og hverju máhljóði fylgir ákveðið lag, stutt saga og hreyfitákn. Einnig er unnið með Tákn með tali.

Markvisst er unnið með heilbrigði og vellíðan. Gert er ráð fyrir að börnin fari daglega út og vettvangsferðir eru skipulagðar í hópastarfi. Einnig eru salir til hreyfileikja í báðum húsum. Aðstaða er fyrir börnin að hvíla sig eftir hádegismat og hægt er að draga sig út úr hópnum og setjast niður í bókakrök. Eins og áður hefur komið fram er lögð áhersla á hollan og góðan mat sem eldaður er á staðnum.

Í skólanámskrá er talað um að unnið sé með viðhorf hvað varðar sjálfbærni. Pappír og plast er flokkað inni á deildum og fjallað er um það hvernig efnisveita er notuð í skapandi starfi en þar segir hvernig skapandi efnisveita getur orðið auðlind, þar sem hún leggur áherslu á frumkvæði og nýja leið til þess að tengjast umhverfishyggju og sköpun nýrra hluta.

Í stöðvavinnu/verkstæðisvinnu er mikið unnið með ljós og skugga, vatn, spegla og annað sem hægt er að tengja við tilraunir. Stækkunargler og annað vísindadót er notað þegar við á meðal annars í vettvangsferðum. Segulkubbar, ljósaborð og einingarkubbar eru til. Mikið er unnið með ræktun og búið er að safna fyrir gróðurhúsi sem staðsett verður á útivistarsvæði Tjarnarborgar.

Lögð er áhersla á sköpun og menningu í leikskólanum og birtist það í öllu starfi svo sem stöðvavinnu/verkstæðisvinnu, vali og hópastarfi. Eins og áður hefur komið fram er aðstaða til skapandi starfs í báðum húsum jafnframt sem heimastofur eru vel nýttar. Myndlistarsöfn og Borgarbókasafnið eru heimsótt reglulega. Í skólanámskrá segir að á haustin bjóði Þjóðleikhúsið elstu börnunum á leiksýningu og Sinfóníuhljómsveit Íslands elstu börnunum á tónleika í Hörpu. Haldið er upp á dag íslenskrar tungu 16. nóvember en þá er farið með þulur og kvæði eftir Jónas Hallgrímsson. Í desember fara elstu börnin í heimsókn í Árbæjarsafn og kynnast jólahéðum Íslendinga í gegnum tíðina. Á þorranum er farið á Þjóðminjasafnið og haldið er upp á bóndadaginn með þorrablóti.

Velferð og líðan barna

Andrúmsloft í leikskólanum er afslappað, gott og einkennist að gagnkvæmri virðingu, skilningi og trausti milli aðila. Í skólanámskrá segir að vellíðan barna sé studd með félagslegum tengslum, jákvæðum samskiptum og umhyggju. Á vettvangi sáu matsaðilar sjálfstæð, glöð og starfssöm börn. Samskipti starfsfólks við börnin voru uppbyggileg og starfsfólk sýndi þolinmæði. Einkennandi var hvað andrúmsloft var yfirvegað og rólegt í báðum húsum. Í rýnihópi barna kom fram að þeim þykir gaman í leikskólanum en stundum er leiðinlegt. „Það er leiðinlegt ef einhver meiðir sig og grætur en þá er sagt fyrirgefðu.“ Kennararnir hugga og stundum segja þeir „tala saman“. Börnin sögðu að stundum væri verið að stríða en þá segir maður „stopp“. Jafnframt kom fram hjá börnunum að það væru reglur í leikskólanum og kennararnir hafi búið þær til. „Það er bannað að stríða og meiða og það má ekki stelast og fara einn út.“ Þegar spurt var hvort þau mættu ráða í leikskólanum sögðu þau „kennararnir leyfa okkur að ráða smá, þeir leyfa okkur að ráða hvað við leikum með“. Börnin segja að þeim sé hrósað þegar þau eru búin að ganga frá og eins þegar þau gera flottar myndir. Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir telja að börnunum líði vel, þau eru glöð að koma í leikskólann og það er tekið vel á móti þeim. Foreldrum finnst ýtt undir styrkleika barnanna og þeim er hrósað. Jafnframt töluðu foreldrar um að þeim fyndist alltaf svo mikil ró og yfirvegum að koma í leikskólann. Í rýnihópi deildarstjóra kennara og starfsfólks kom fram að þeir telja sig mæta börnunum af virðingu, jákvæðni, hvatningu og hrósi.

Mat á námi og velferð barna

Skipulega er unnið með mat á námi og velferð barna. Að hausti er gert *HLJÓM-2* próf á öllum elstu börnunum. *HLJÓM-2* er greiningartæki sem kannar hljómkerfisvitund barna. Tvisvar á ári fylla deildarstjórar ásamt öðru starfsfólki deildarinnar út lista um sjálfsmynd og félagsfærni barnsins. Fyrir foreldrasamtal sem er einu sinni á ári er fyllt út í lista um hreyfiproska. Mikið er unnið með uppeldisfræðilegar skráningar og eru ferilmöppur notaðar í foreldrasamtali. Jafnframt er mikil skráning í sambandi við val og viðveru barna í stöðvavinnu/verkstæðisvinnu. Reglulega eru þessar skráningar teknar saman og rýnt í áhugasvið barnsins. Í rýnihópum stjórnenda kom fram að verið er að innleiða *TRAS* listann en hann er notaður til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna og skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska. Þegar hafa tveir deildarstjórar farið á námskeið. Einnig kom fram í rýnihópum að skóla og frístundasvið Reykjavíkur vill að notað sé *Efi-2* próf í öllum leikskólum Reykjavíkur. *Efi-2* er próf sem lagt fyrir öll þriggja ára börn en það kannar málskilning og máltjáningu. Áætlað er að deildarstjórar nái sér í réttindi til að nota *Efi-2* prófið. Íslenski þroskalistinn og íslenski smábarnalistinn eru notaðir þegar það á við. Foreldrar taka ekki beinan þátt í að meta nám og framfarir barnanna en þeir fá upplýsingar um stöðu barnsins í foreldrasamtölum einu sinni á ári og þar hafa foreldrar tækifæri til að koma fram með upplýfun sína á stöðu barnsins. Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir telja sig fá reglulega góðar og leiðbeinandi upplýsingar um framfarir barnsins og telja að þeir geti komið að mati á námi og framförum barnsins óski þeir eftir því. Jafnframt kom fram að vel sé brugðist við ef óskað er eftir samtali um nám og velferð barns.

Styrkleikar

- Hugmyndafræði leikskólans er sýnileg í umhverfi hans og í daglegu starfi á vettvangi.
- Fjölbreytt úrval er af leik- og námsefni og hefur leikskólinn markað sér stefnu um það.
- Aðgengi barnanna að efniviði er gott og mjög sýnilegt.
- Efniviður úr náttúrunni er nýttur í leik og skapandi starfi.
- Leitast er við að nýta húsnæðið og vinna með börnin í litlum hópum.
- Ritmál er mjög sýnilegt í umhverfinu og mikið um sjónrænt skipulag.
- Unnið er með uppeldisfræðilegar skráningar.
- Mikil áhersla er á lýðræði, jafnræði og þátttöku barna og birtist það víða í starfinu.

- Unnið er markvisst með alla grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár.
- Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum.
- Börnin eru glöð og þeim líður vel í leikskólanum.
- Skipulega er unnið að mati á námi og framförum barnanna.

Tækifæri til umbóta

- Finna þarf leiðir fyrir meira samstarf milli barna í Tjarnarborg og Öldukoti.
- Nýta ætti mannauð starfsfólks með því að hafa flæði milli húsa og nýta sérstöðu hvors hús fyrir sig, eins og í myndlist og tónlist.
- Huga ætti að orðræðu í leikskólanum og samræma hugtakanotkun eins og stöðvavinnu/ verkstæðisvinnu.
- Taka ætti upp umræðu um framkvæmd og þátttöku barna í matmálstímum.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og í því sitja þrír fulltrúar. Valið er í foreldraráð á foreldrafundi að hausti þar sem óskað er eftir foreldrum til að starfa í ráðinu. Fram kom í rýnihópi foreldra og rýniviðtali við leikskólastjóra að erfitt sé að fá foreldra til að bjóða sig fram að fyrra bragði. Foreldraráð hefur ekki gert formlega starfsáætlun en til eru vinnureglur foreldraráðs. Helstu verkefni foreldraráðs eru að lesa yfir og samþykkja starfsáætlun og gefa umsögn um hana. Einnig að lesa yfir skólanámskrá. Ráðið fundar eftir þörfum og er það ýmist foreldraráðið eða leikskólastjóri sem eiga frumkvæði að þeim fundum. Fundargerðir eru ritaðar en ekki birtar opinberlega svo sem á heimasíðu.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og er stjórnin skipuð foreldrum úr báðum húsum. Félagið kemur að ýmsum viðburðum í samstarfi við leikskólann og er þátttaka foreldra almennt góð. Að mati leikskólastjóra er foreldrafélagið góður stuðningur við leikskólann.

Fundur með foreldrum barna sem eru að byrja í leikskólanum er haldinn að vori. Þar eru kynntir starfs- hættir og það sem tilheyrir leikskólabyrjun. Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir kannast við að hafa fengið þessa kynningu. Foreldrahandbók er til en í henni eru ýmsar hagnýtar upplýsingar fyrir foreldra. Aðlögun nýrra barna tekur um viku og til er sérstök áætlun um það sem foreldrum er kynnt í upphaf leikskólagöngu. Á haustin eru haldnir kynningarfundir á hverri deild fyrir foreldra. Leikskólastjóri og deildarstjóri kynna þar meðal annars innra mat síðasta árs og starfsáætlun leikskólans og deildarinnar fyrir komandi ár. Einnig kynnir sérkennslustjóri hvernig unnið er með sérkennslu í leikskólanum. Eins og áður hefur komið fram er samtalið við foreldra þar sem rætt er um líðan og þroska barnsins einu sinni á ári.

Í rýniviðtölum við kennara og starfsfólk kom skýrt fram að deildarstjóri ber ábyrgð á upplýsingamiðlun til foreldra. Hann sendir reglulega póst á foreldra með upplýsingum um deildarstarfið. Einnig sendir leikskólastjóri fréttabréf þegar það á við. Foreldrar fá reglulega myndir úr leikskólastarfinu með myndforritinu Sway. Upplýsingatafla er við hverja deild þar sem meðal annars eru upplýsingar um hóp-astarfið og skráningu á vali barna. Daglega er skráð hvernig börnin borða og hve lengi þau hafa sofið. Er það ýmist gert í Völu sem er forrit fyrir forráðamenn barna í leikskólum Reykjavíkurborgar en þar er meðal annars hægt að sjá tilkynningar og fréttir frá leikskólanum eða á þar til gerðu blaði á deildinni. Breyting hefur verið gerð á heimasíðum leikskóla í Reykjavík. Heimasíða Tjarnar er ekki lengur til en í staðinn er á heimasíðu Reykjavíkurborgar annars vegar almennar upplýsingar um leikskóla í Reykjavík og hins vegar skólanámskrá, skóladagatal, starfsáætlun hvers skóla ásamt smá kynningu á áherslum leikskólans. Í símaviðtali við skrifstofustjóra leikskóladeildar skóla- og frístundasviðs kom fram að þessi breyting hafi verið gerð þar sem stjórnendur hafi kvartað yfir því að erfitt sé að sinna uppfærslu á heimasíðu með öðrum daglegum verkefnum. Auk þess sem lítill umgangur er um heimasíðurnar. Í rýnihópi foreldra kom fram að dagleg samskipti þegar komið er með börnin og þau sótt séu mikilvæg.

Viðhorf foreldra

Viðhorf foreldra er mjög gott. Þeir eru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og starfsfólk. Þeir segjast eiga góð samskipti við starfsfólk og að viðhorf starfsfólks til barna einkennist af hlýju og virðingu. Foreldrar segja að fagmennska einkenni starfið, gott sé að leita til bæði stjórnenda og starfsfólks og reynt sé að koma á móts við óskir þeirra. Jafnframt er ávallt sjálfsgagt að fá aðstoð í formi ráðgjafar og fræðslu. Foreldrar telja að mikil áhersla sé lögð á einstaklingsmiðað nám í leikskólanum og að lýðræði sé stór þáttur í leikskólastarfinu.

Samstarf við grunnskóla

Í skólanámskrá kemur fram að formlegt samstarf er við Vesturbæjarskóla. Er það meðal annars gert til að börnin fái tækifæri til að kynnast umhverfi og starfi grunnskóla meðan þau eru enn í leikskólanum og til að stuðla að vellíðan og öryggi barna og forsjáraðila. Heimsóknir elstu barnanna í grunnskólann eru um það bil fjórar yfir veturinn þar sem þau fá innsýn í starfið frá mismunandi sjónarhornum.

Í skólanámskrá segir að heimsóknirnar séu fjölbreyttar og heimsækja börnin meðal annars valtíma, bókasafn, kennslustund með kennara þar sem þau taka nesti með að heiman og svo er heimsókn í Skýjaborgir, frístund skólans. Fyrsta heimsóknin er á bókasafn Vesturbæjarskóla þar sem lesin er saga og farið yfir skólastarfið. Önnur heimsókn er í fyrsta bekk og farið er í frímínútur. Þriðja heimsóknin er í leikfimitíma og á frístundaheimili. Á vorin koma nemendur fyrsta bekkjar í heimsókn í leikskólann. Í rýnivíðtali við stjórnendur og deildarstjóra kom fram að á vorin er upplýsingafundur með kennurum skólastiganna og yfirmanni frístundar, þar sem farið er yfir skóladagatal og upplýsingar um börn ef við á, alltaf í samráði við foreldra. Þær upplýsingar sem fylgja börnunum eru niðurstöður úr HLJÓM-2 prófum en í skólanámskrá kemur fram að farið er yfir helstu styrkleika, vinatengsl og þá þætti sem þarf að vinna sérstaklega með hjá barninu. Börnum sem hafa skilgreinda sérkennslu er skilað sérstaklega. Í rýnihópi stjórnenda kom fram að algengt er að börnin úr Tjarnarborg fari í aðra grunnskóla en Vesturbæjarskóla. Ekki er til formleg áætlun um það hvaða upplýsingar fylgja þeim börnum yfir í grunnskólann.

Annað samstarf

Í rýnihópum kennara og starfsfólks kom fram að ekki er mikið um skipulagt samstarf við grenndarsamfélagið fyrir utan gagnkvæmt samstarf við Vesturbæjarskóla. Borgarbóksafnið er heimsótt og börnin fá lánaðar bækur þar og farið er í söfn í nágrenninu. Þá er farið í Þjóðleikhúsið og einnig á tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Styrkleikar

- Foreldrafélag og foreldraráð eru starfandi við leikskólann.
- Foreldrahandbók sem foreldrar fá þegar barnið byrjar í leikskólanum er til.
- Haldnir eru kynningarfundir fyrir nýja foreldra á vorin og upplýsingafundur fyrir hverja deild er á haustin.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra um starfið og börnin.
- Viðhorf foreldra til leikskólans eru jákvæð og þeir telja að börnunum líði vel í leikskólanum.
- Foreldrum finnst gott að leita til starfsfólks og segja að fagmennska einkenni starfið í Tjörn
- Formlegt samstarf er við Vesturbæjarskóla og til er skrifleg áætlun um það.

Tækifæri til umbóta

- Leita skal leiða til að koma upplýsingum til foreldra um starf foreldraráðs svo sem með því að hafa fundargerðir aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.
- Gera skal áætlun um samstarf og hvaða upplýsingar fylgja börnunum milli skólastiga sem ekki fara í Vesturbæjarskóla.

Skóli án aðgreiningar

Skólapijónusta og sérkennsla

Sérkennslustjóri hefur yfirumsjón með sérkennslumálum í leikskólanum. Í samstarfi við deildarstjóra skipuleggur hann starfið fyrir börn sem þurfa á sérkennslu að halda; upplýsir starfsfólk, fylgir eftir að unnið sé eftir einstaklingsnámskrá og veitir ráðgjöf. Sérkennslustjóri ber ábyrgð á vinnunni í samstarfi við deildarstjóra. Starfsfólk sem sinnir sérkennslu starfar undir stjórn sérkennslustjóra. Eins og áður hefur komið fram er sérkennslustjórinn í stjórnendateymi leikskólans og situr stjórnendafundi. Í rýnivíðtali við sérkennslustjóra kom fram að hann vilji sitja deildarfundum. Sérkennslustjóri leggur sig fram um að vera sýnilegur á öllum deildum og að vinna í nánu samstarfi við starfsfólk deilda. Ef grunur vaknar um þroskafrávik hjá barni þá skoðar sérkennslustjóri málið með deildarstjóra, gerir frumgreiningu og í framhaldinu eru foreldrar upplýstir um málið. Hvað varðar þroskafrávik er skrifleg beiðni send til Vesturmiðstöðvar sem er þjónustumiðstöð hverfisins og í framhaldi af því fer fram ýtarlegri greining. Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning í samvinnu við foreldra. Út frá einstaklingsnámskrá er gerð þjálfunaráætlun. Einstaklingsnámskrá er endurmetin eftir þörfum á allt frá tveggja til sex mánaða fresti. Í rýnivíðtali við sérkennslustjórann kom fram að einstaklingsnámskráin sé lifandi plagg sem stöðugt er verið að rýna í og skoða. Teymi er myndað um sérkennslubörnin og eru teymisfundir haldnir eftir þörfum og fer það eftir máli hvers barns hve oft þeir þurfa að vera. Teymið um barnið er myndað af sérkennslufulltrúa frá Vesturmiðstöð, talmeinafræðingi eða sálfræðingi ef við á, viðkomandi deildarstjóra, sérkennslustjóra, stuðningsaðila og foreldri. Ef barnið er með þjónustu frá Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins kemur aðili frá þeim á teymisfundi. Sérkennslustjóri heldur utan um þessa fundi, sér um að boða foreldra og aðra aðila á fundinn og ritar fundargerð. Einnig kom fram að í starfsáætlun er talað um að taka saman mánaðarlega, upplýsingar um hvernig vinnan með barnið gengur og senda foreldrum. Auk þessa fá foreldrar sérkennslubarna hefðbundið foreldrasamtal einu sinni á ári óski þeir eftir því. Gott upplýsingastreymi er til starfsfólks varðandi börn með sérþarfir eða þroskafrávik. Starfsfólk er upplýst á deildarfundum um þjálfunaráætlun barnsins og hvernig staða þess er. Auk þessa kom fram í rýnivíðtali við leikskólastjóra að áætlað er að leikskólastjóri og sérkennslustjóri hafi samráðsfund einu sinni í viku. Í rýnivíðtali við sérkennslustjóra kom fram að misjafnt er eftir barni hvort unnið er með það sem mest í hópi eða einstaklingslega. Alltaf er verið að meta hvað er best fyrir barnið og ákvarðanir teknar út frá því. Á vettvangi sáu matsaðilar að gætt er að jafnrétti og hlutdeild allra barna. Ein stofa er til staðar í hvoru húsi ef barn þarfnast einstaklingsbundinnar þjálfunar. Einnig kom fram að húsnæði leikskólans býður ekki upp á að vera með mikið fötluð börn en eins og áður hefur komið fram er leikskólinn á þremur hæðum og ekki lyfta. Að mati sérkennslustjóra og stuðningsaðila er skólinn vel búinn þjálfunargögnum og vel er brugðist við óskum um ný kennslugögn. Í rýnihópum deildarstjóra, kennara og starfsfólks kom fram að óskum um að sækja námskeið eða aðra fræðslu um sérkennslu er vel tekið. Jafnframt mátti sjá í símenntunaráætlun leikskólans að gert er ráð fyrir fræðslu um þroskafrávik fyrir allt starfsfólk á skipulagsdegi.

Í rýnivíðtali við sérkennslustjóra kom fram að annan hvern mánuð funda sérkennslustjórar í hverfinu með sérkennsluráðgjafa, hegðunarráðgjafa og talmeinafræðingi frá Vesturmiðstöð. Einnig eru fundir einu sinni í mánuði sem sérkennsluráðgjafi Skóla- og frístundasviðs heldur. Þá kom fram að sérkennslustjóri hefur gott aðgengi að starfsfólki Vesturmiðstöðvar og fær þar ráðgjöf og stuðning.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Við móttöku og aðlögun nýrra barna með annað móðurmál en íslensku er stuðst við sömu verkferla og í aðlögun nýrra barna, nema notast er við túlkapijónustu þegar það á við. Foreldrahandbók er til á ensku. Mikil áhersla er lögð á málrækt í öllu leikskólastarfinu og ef þurfa þykir er unnið sérstaklega með börn með annað móðurmál en íslensku. Í starfsáætlun er talað um að leggja áherslu á að nota öll tækifæri til að leggja inn og örva máltöku erlendra barna. Fjölmörg börn fá bæði einstaklingstíma og málörvun í sérstökum málörvunarhóptímum sem sérkennari kemur að. Eins er unnið með tengsl við heimili þeirra barna sem eiga sér annað móðurmál en íslensku í formi bókar sem fer á milli heimilis og skóla. Í bókinni eru myndir og orð við myndirnar. Lögð er áhersla á að barnið hafi bæði tungumálin hjá hverri mynd og nýjum myndum er bætt við reglulega. Foreldrar erlendra barna hafa komið í leikskólann

og lesið bók á þeirra móðurmáli fyrir öll börnin á deildinni. Myndunum er þá varpað upp á vegg og sagan túlkuð fyrir börnin. Að öðru leyti er unnið samkvæmt læsisstefnu leikskólans.

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.
- Vel er staðið að og haldið utan um sérkennslu. Allt starfsfólk leikskólans fær upplýsingar og fræðslu í sambandi við sérkennslu.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með skilgreindar þarfir og skipað teymi í kringum þau.
- Jafnrétti og hlutdeild allra barna í barnahópnum birtist í starfinu.
- Boðið er upp á tálkaþjónustu í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku.
- Í skólanámskrá eru skráðir verkferlar ef upp kemur grunur um þroskafrávik.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Fjallað er um innra mat í skólanámskrá Tjarnar. Mat á innra starfi leikskólans fer fram á deildarstjórafundum, deildarfundum, og skipulagsdögum en auk þess fer matið fram í foreldraviðtölum og með börnunum. Á tveggja ára fresti eru foreldrakannanir og kannanir meðal starfsfólks. sem notaðar eru í innra mat. Í rýnivíðtali við leikskólastjóra kom fram að hann hefur forgöngu um innra mat og ber ábyrgð á því. Stjórnendur leikskólans skipa matsteymi og bera deildarstjórar ábyrgð á innra mati á sinni deild. Matsáætlun fyrir skólaárið 2022-2023 liggur fyrir og er það hluti af starfsáætlun leikskólans. Í henni kemur fram hvað á að meta, hvenær, hverjir meta, viðmið um árangur og hverjir eru ábyrgðaraðilar. Til er matsáætlun til lengri tíma en hún þarfnast endurskoðunar. Eins og fyrr segir kemur ekki fram í skólanámskrá hver eru skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að í skólastarfi.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Einnra mat Tjarnar byggir á margvíslegum upplýsingum og notaðar eru fjölbreyttar aðferðir til öflunar gagna. Framkvæmd innra mats er samstarfsverkefni starfsfólks og leitað er eftir sjónarmiðum barna. Foreldrar koma ekki að ákvörðun um innra mat. Mat á framförum barna fer reglulega fram. Tekin eru viðtöl við börnin og þau spurð spurninga um líðan, áhugasvið og daglega viðburði sem þau svara með því að gefa spurningunum bros- eða fýlukarl. Einnig setja elstu börnin sér markmið sem endurmetin eru reglulega. Ferilmöppur barnanna eru notaðar í innra mat en þar eru meðal annars uppeldisfræðilegar skráningar. Skráningar sem sýna hvað börnin velja í stöðvavinnu/verkefnavinnu og vali eru einnig notaðar. Samræðumat á sér stað á starfsdögum og deildarfundum þar sem starfsfólk ígrundar starfs-hætti. Hver deild vinnur innra mat fyrir sína deild. Í starfsáætlun er greinagerð frá hverri deild um hvernig síðasta ár hefur gengið og umbótaáætlun fyrir komandi ár.

Opinber birting og umbætur

Greinagerð um innra mat leikskólans, þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd, niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta, er birt í starfsáætlun. Umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta, þar sem fram koma aðgerðir, viðmið með markmiðum, tímasetning og ábyrgðaraðilum, er í starfsáætlun. Á foreldrafundum á haustin kynna deildarstjórar innra matið og umbótaáætlunina fyrir foreldrum. Að sögn leikskólastjóra er umbótum fylgt kerfisbundið eftir. Allir sem rætt var við í rýnivíðtölum og rýnihópum gátu nefnt dæmi um umbætur sem innra mat leikskólans hafa leitt til.

Styrkleikar

- Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu starfi leikskólans.
- Fjallað er um helstu leiðir sem leikskólinn fer í innra mati í skólanámskrá.
- Viðhorfskannanir meðal foreldra og starfsfólks er gerðar reglulega og nýttar í innra matinu.
- Framkvæmd innra mats er samstarfsverkefni starfsfólks.
- Börnin eru þátttakendur í innra matinu.

Tækifæri til umbóta

- Leita skal leiða til að foreldrar taki þátt í því að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati, til dæmis með aðkomu foreldraráðs.
- Endurskoða þarf matsáætlun til þriggja ára.
- Birta skal greinagerð um innra mat og umbótaáætlun á heimasíðu.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef janúar 2023

Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Leikskóladagatal Tjarnarborgar:

https://reykjavik.is/sites/default/files/2022-11/tjarnarborg_skoladagatal_2022-2023.pdf

Leikskóladagatal Öldukots:

https://reykjavik.is/sites/default/files/2022-11/oldukot_skoladagatal_2022-2023.pdf

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019.

Læsisstefna Tjarnar 2020.

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009

Reykjavík heimasíða:

<https://reykjavik.is/>

Skólanámskrá:

<https://reykjavik.is/sites/default/files/2022-11/namsskra-tilbuin2.pdf>

Starfsáætlun 2022–2023

Vesturmiðstöð skólaþjónusta við leik- og grunnskóla: <https://reykjavik.is/vesturmidstod>

Viðtöl:

Símaviðtal við skrifstofustjóra leikskóladeildar Skóla- og frístundasviðs.

Símtal við fagstjóra leikskóla, Vesturmiðstöð.

Viðtal við aðstoðarleikskólustjóra.

Viðtal við leikskólustjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp kennara.

Viðtal við sérkennslustjóra.

Viðtal við rýnihóp starfsfólks.

